

15. gr.

Nr. 43.
10.
nóvbr.

Þar, sem tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiftu landi, má enginn þeirra nota beitina, nema eftir ítölu á móts við sameigendur sína, er metin sje af úttektar-mönnum.

Ítölu skal meta eftir jarðardýrleika, og jarðarstærð, og skal sá vera grundvöllur matsins, hve mikinn fjenað má í högum hafa, án þess örtröð verði.

Nú hefir einhver sambeitareigenda minni fjenað í högum en svarar ítölu hans, en aðrir hafa meir en þeim ber, skulu þeir þá hafa forgangsrjett til, gegn endurgjaldi, að nota ítölurjett þess, sem of fátt hefir, meðan hann notar eigi sjálfur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

L ö g

um forðagæslu.

Nr. 44.
10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

A. Skipun forðagæslumanna.

1. gr.

Í hverjum hreppi skulu kosnir forðagæslumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsþúa og meðferð þeirra á búpeningi.

Sýslunefnd skal ákveða tölu forðagæslumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar. Ef þeir eru fleiri en einn, getur hreppsnefnd skift hreppnum í jafnmörg forðagæsluudæmi, og hefir þá hver forðagæslumaður sitt svæði til umsjónar.

2. gr.

Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndarkosning fer fram og að henni aflokinni. Skulu gilda sömu reglur um kosninguna sem um hreppsnefndarkosningu og hafa þeir allir kosningarrjett, sem þann rjett hafa til hreppsnefndarkosningar.

Hver karlmaður, sem er kjörgengur til hreppsnefndar, skal vera skyldur til að takast þennan starfa á hendur.

Skorast geta menn undan þessu starfi af samskonar ástæðum, sem þá er menn skorast undan hreppsnefndarstarfi.

Nr. 44.

10.
nóvbr.

Ef forðagæslumaður deyr eða lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum, áður en kjörtími hans er liðinn, skal þegar kjósa mann í hans stað til þess tíma aðeins, sem eftir var af kjörtíma hans, og fer um þá kosningu, sem um aukakosningu í hreppsnefnd.

B. Verksvið forðagæslumanna og laun þeirra.

3. gr.

Hver forðagæslumaður skal koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, sem honum hefir verið falið til umsjónar; í fyrra sinni snemma vetrar og aftur síðla vetrar. Þar að auki skal hann kynna sjer vandlega að vorinu fyrningar og skepnuhöld á hverju heimili.

Í reglugerð þeirri, sem sýslunefnd setur samkvæmt 8. gr., skal ákveða, hvenær eftirlitsferðirnar skuli farnar og hvernig forðagæslumaður skuli afla sjer að vorinu vitneskju um fyrningar og skepnuhöld.

Í hverri ferð skal hann athuga vandlega peningsfjölda hvers búanda, og meðferðina á skepnunum. Hann skal ávalt rannsaka heybirgðir, kornvörubirgðir og aðrar fódurbirgðir á hverju heimili, svo og húsakynni fyrir búpening.

Þar að auki skal forðagæslumaður, svo oft sem þörf krefur, gera sjer aukaferðir á heimili, sem lenda í þröng.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn forðabúra, ef nokkur eru, svo og kornvörubirgða í verslunum, ef hreppsnefnd hefir trygt sjer aðgang að þeim.

5. gr.

Forðagæslumenn skulu færa allar skoðunargerðir sínar í þar til gerða bók.

Eftir hverja skoðun skulu forðagæslumenn tilkynna hreppsnefnd brjeflega, hvernig ástatt er í hreppnum, og láta fylgja tillögur sínar um nauðsynlegar ráðstafanir.

Ef þörf gerist á aukaskoðunum, skulu þeir jafnan láta hreppsnefnd vita, hvers þeir verða vísari, og hvernar hjálpar sje þörf, ef illa er ástatt.

6. gr.

Það er skylda forðagæslumanna, að gefa hverjum búanda holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu.

Á hverju vori skulu þeir veita hverjum búanda vitnisburð í skoðunarbók sinni um útlit búpenings og skepnuhirðingu. Skulu þeir því næst senda sýslumanni upp úr fardögum aðalskýrslu um það fardagaár, sem þá er á enda, og skal sýslumaður leggja skýrslurnar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

Á næstu vorhreppaskilum eða öðrum almennum sveitarfundi skal forðagæslumaður lesa upp úr forðagæslubók hreppsins alt það, sem í hana hefir verið skráð frá síðustu hausthreppaskilum.

7. gr.

Fyrir starf sitt skulu forðagæslumenn fá borgun eftir samkomulagi við hreppsnefndina, alt að 2 kr. um daginn, hvern þann dag, sem þeir eru í skoðunarferð, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

8. gr.

Sýslunefnd skal semja reglugerð fyrir forðagæslumenn og skal þar sagt ítarlega fyrir um öll störf og skýrslugerðir forðagæslumanna.

Þessar reglugerðir skulu sýslunefndir senda stjórnarráðinu til staðfestingar.

9. gr.

Forðagæslubækur sjeu með prentuðum dálkum og fyrirsögnum, og skulu lög-giltar af sýslumanni. Bjargráðastjórn landsins útvegar bækurnar, svo og prentuð eyðu-blöð undir skoðunarskýrslur, eftir óskum sýslunefnda, og greiðist andvirði þeirra úr landssjóði. Forðagæslubækur eru landseignar og sendast Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru eftir nánari ákvæðum bjargráðastjórnar.

Nr. 44.
10.
nóvbr.

C. Um skyldur þeirra, er komast í fóðurþröng o. fl.

10. gr.

Ef búandi kemst í fóðurþröng og finnur forðagæslumaður, að búpeningur hans er í slæmu standi, eða líkur til, að skepnurnar kunni að kveljast eða falla af fóðurskorti, þá skal hann hvetja búandann til þess að afla sjer fódurs, ef unt er, eða ráða honum, hverju hann skuli farga af búpeningi sínum, ef hvergi er hjálpar von.

11. gr.

Ef búandi er í fóðurþröng og vill ekki fara að ráðum forðagæslumanns, hvorki afla sjer fódurs nje farga nokkru af skepnum sínum, þá skal forðagæslumaður tafarlaust skýra hreppstjóra frá öllum málavöxtum. Getur hreppstjóri þá eftir tillögum forðagæslumanns skipað búandanum að afla sjer tiltekinna, nægilegra fóðurbirgða, ef þess er kostur, en kjósi búandinn heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fódurs.

Nú verður fjenaður horaður eða fellur úr hor, og er að álitu forðagæslumanns um að kenna fóðurskortu, hirðuleysi eða harðýðgi þess, er fjenaðinn hefir undir hendi, og skal þá forðagæslumaður tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, ásamt öllum mála-vöxtum, en hann aftur sýslumanni.

12. gr.

Sá, er sekur verður um horfelli samkvæmt 11. gr., skal sæta sektum frá 10 til 200 kr., eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum. Önnur brot gegn þessum lögum, eða almennum eða sjerstökum fyrirskipunum samkvæmt þeim, varða sektum frá 5 til 100 kr., nema hærri hegning sje ákveðin í almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

Með mál, er rísa út af brotum gegn þessum lögum, skal farið sem almenn lög-reglumál.

13. gr.

Lög nr. 7, 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.